

Fundur 8.1.2024 Giordano Bruno

Góða kvöldið og komið þið sæl.

Vertu velkomin.

Fagna ég sambandi og erum við hér stödd í góðum sal og er ég nýkominn úr ferðalagi og björgunarleiðangri.

Og gleður það mig að komast í sambandið og vorum við að fylgjast með því hvernig góður og mikils metinn maður og einstaklingur á framlífs jörð einnig, gat látið gott af sér leiða og gleður það mig mjög að mér sé treyst fyrir því að fara slíkum hamförum hnattanna á milli og eru það víða margir staðirnir þar sem hjálpar er þurfi og eru það ekki allir sem geta tekið á slíkum flutningum.

En á þessum hnetti var komin upp góð samstilling og mikill framfara vilji og má segja að mikilvægt hafi verið að koma í veg fyrir ákveðna helstefnu atburði og fengum við liðsinni til að koma þar við sögu og hjálpa til.

Hef ég einnig margsinnis reynt að vera fjarstaddur á stjörnusambandsstöð minni og okkar og senda þeim huggun og kjark og bjartsýni, sem eru að bugast undan erfiðum aðstæðum.

Þótt ekki hafi allir þeir sem um er að ræða lent í eins hrikalegum aðstæðum og ég, þegar ég fór af jörðinni ykkar, þá eru þau mörg samskonar tilfellin, þar sem gott fólk sætir ofsóknum og á við ofurefli að etja og þarf á liðsinni að halda.

Og tekst okkur misvel að ná árangri, en hef ég náð betri þjálfun með tímanum og með góða vini og félagi í kringum mig.

Og höfum við þurft að fylgja þeim árangri eftir sem náðist fyrir nokkrum árum gegn helstefnu öflum Jahves og svo ekki komi bakslag í þá baráttu, enda vill hann ná árangri og mun Helgi Pjeturss væntanlega frá því segja hvernig Nýalssinnar á ykkar hnetti og aðrir lífstefnu magnaðir einstaklingar hafa þurft að glíma við erfiðleika.

Og eru þar stundum nokkrir eftir í stjörnusambandsstöðvunum sem vilja fá sín kristnu sambönd í gegn og er erfitt að breyta því til lengdar, en hefur okkur gengið ágætlega að gera eitthvað gagn og koma þessu aftur í rétt horf.

Og vorum við nú staddir á hnetti þar sem ýmsar aftökur áttu að eiga sér stað og gátum við komið í veg fyrir þær margar.

Og fjölmennir og stórkostlegir hópar sem þar voru staddir og sem höfðu áhrif út fyrir hnöttinn og á sínum hnetti. Og var það mikið ánægjuefni að það skildi takast.

Oft er það þannig að líkömnun tekst ekki þar sem orkan er ekki nægileg, þar sem við viljum koma fram.

Fagna ég góðri orku hjá ykkur í kvöld og vonumst við til að margir góðir fundir verði í framhaldinu í vetur og þið fáið sambönd við fólk sem ykkur eru nákomin og orku mikla fornmenn.

Hef ég oft komið áður, er nú orkan farin að minnka, Giordano Bruno.

*Heill og sæll, þakka þér fyrir komuna.*

Já.

*Getur þú nokkuð sagt mér hvað Jahve er að bauka núna, hvert hann er að stefnir hann í sambandi við spellvirki hans á jörðinni ?*

*Hvað er hann að setja í gang ?*

Já það er Ísrael og Palestína.

*Til dæmis já.*

Hann var mjög argur yfir því að honum tókst ekki að koma af stað Harmageddon fyrir þremur eða fjórum árum og er því stefnt að öðrum áætlunum, höfum ekki orku til að fara út í þetta núna, en þurfum að fjalla sérstaklega um Gasa svæðið og,

*Ég er sérstaklega forvitinn um þetta allt saman.*

*Höfum við Íslendingar góða bandamenn til að vinna á móti honum ?*

Já já og vinnið gott starf í þessum hópi já, vísindalegar aðferðir, kærleiks aðferðir, það verður fjallað um þetta, við reynum að koma inn á þetta sem best, fljótlega.

Já ég þakka fyrir mig, munum senda ykkur öllum orku, verið þið öll sæl og blessuð.

*Já vertu sæll og takk fyrir komuna.*